

103. fundur stjórnar FnS, haldinn í lðu 19.12.2012 kl. 16.30

Mætt: Magðalena Jónsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Staða verkframkvæmda í Sandvíkursetri

Til stóð að afhenda húsið 1. desember sl. Það náðist ekki en FnS er að flytja inn þessa dagana. Enginn húshluti er alveg tilbúinn á þessari stundu en Fræðslunetið mun fara með starfsemi sína inn í nýja húsið fyrir áramót, allt nema starfsemi Fjölmenntar. Eldhúsið verður þó ekki afhent fyrr en 1. febrúar. Starfsmenn Pennans komu í gær með húsbúnað og settu upp allt sem til þeirra friðar heyrði.

2. Framlag FA til námskeiða, ráðgjafar og raunfærnimats

FnS fékk svar frá FA sl. föstudag um framlag til námskeiða, ráðgjafar og raunfærnimats. Fyrir liggur að framlagið verður lægra en árið 2012, en frkv.stj. hefur gert athugasemdir við þetta og óskað eftir skýringum, sem ekki hafa borist.

3. Hátíðarfundur Vísindasjóðs

Gert er ráð fyrir að Hátíðarfundur Vísindasjóðs Suðurlands verði haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2013 á sal Fjölbrautaskóla Suðurlands.

4. Önnur mál

- a) Ekki hefur enn fengist botn í breytingar á Skipulagsskrá FnS.
- b) Gert var ráð fyrir því að afgangur frá rekstri árið 2012 yrði um hálf milljón. Ljóst er að það verður enginn afgangur af því.

5. Heimsókn í Sandvíkursetur

Fundarmenn héldu að afloknum öðrum liðum í kynnisferð í framtíðarhúsnæði Fræðslunetsins í Sandvíkurskóla á Selfossi.